

Ídæmdar sektir og málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 15. aprílmánaðar.

Nr. 7/1901:

Réttvísinn

gegn

Eyólfi Símonarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 22. desbr. f. á., var hinn ákærði Eyólfur Símonarson dæmdur samkvæmt 250. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs svaramanns síns í héraði, Ólafs prests Ólafssonar, 4 kr. En þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að haustið 1899, þegar hann bjó á Stóra-Hálsi í Grafningi, kastaði hann að ófrjálsu eign sinni á 5 kindur, sem hann vissi, að hann átti ekki, en 4 af þeim voru komnar sjálfkrafa saman við fé hans, og 1 hafði verið dregin honum í réttum sökum marklíkingar. Kindur þessar voru tvær ær og tvö lömb, og ein veturgömul gimbur, og afmarkaði ákærði aðra ána og bæði lömbin undir sitt mark, eða mörk, sem hann notaði á fé sitt,

en hina ána og gimbrina hornamarkaði hann, ána sínu marki, en gimbrina undir mark manns, er hann lét hana í skiftum til fyrir aðra kind, en hornmörkum þessum breytti hann síðar út í bláinn, þegar hann fór að verða hræddur um að grunur væri að vakna hjá mönnum um kindatökuna. Allar hafa kindurnar verið virtar á 22 kr. 50 a., og hefir réttum eigendum verið skilað aftur ánum og öðru lambinu, en um hitt lambið og gimbrina hefir eigi uppvíst orðið, hverjir átt hafi.

Ákærði er fæddur 6. febrúar 1857, og hefir áður verið hegnt fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði með 4 ára betrunarhússvinnu samkvæmt hæstaréttardómi 23. apríl 1888. Framantalin afbrot hans eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 250. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna. Og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður.
Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls-

ins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benedikts-sonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 34/1900:

Landssjóðurinn
gegn
Jóni Jónssyni.

D ó m u r.

Í júlímánuði 1897 flóðu Eyjafjarðará og Þverá, sem renna meðfram landi því, er tilheyrir ábúðarjörð stefnda, þjóðjörðinni Munka-Þverá, yfir mikinn hluta af engjum téðrar jarðar og báru á þær töluvert leirlag á pörtum, og Þverá einnig töluvert af möl. Hinn stefndi sneri sér þá til hlutaðeigandi þjóðjarðaumboðsmanns og krafðist þess, að skemdir þær væru skoðaðar, sem flóðið hafði gjört á jörðinni, samkvæmt 17. gr. laga 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, og lét umboðsmaður síðan úttektarmenn skoða skemdirnar 7. ágúst s. á., og voru þeir báðir viðstaddir skoðunina, umboðsmaður og stefndi. Sömdu skoðunarmenn, þegar skoðuninni var lokið, skriflega lýsingu á skemdunum, og létu uppi það álit sitt, að landsskuld jarðarinnar ætti að færast niður fyrir það ár um 232 álnir vegna skemdanna. Þessa skoðunar- og matsgjörð fekk umboðsmaður í